

Umhverfisstofnun  
Hjalti J Guðmundsson  
sviðsstjóri  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. maí 2010  
2010050003/42-0  
TB/KHS  
jgo/tb

### Fuglalíf í Dyrhólaey, takmarkanir á umferð

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 5. maí sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands um álitaeftir er varða vernd fuglalífs í Dyrhólaey og takmarkanir á umferð um eyna.

Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út skýrslu um fuglalíf í Dyrhólaey, NÍ-00003, mars 2000 og hefur gefið álit á hvað þurfi að gera, sem varðar umgengni um eyna á varptíma, til að óhætt sé að opna fyrir umferð um eyna fyrir 25. júní. Í álitum stofnunarinnar „Umsögn um stjórnáráðgjöf vegna opunar Dyrhólaeyjar, bréf til Umhverfissráðuneytis, 29. júní 2004“ kom m.a. eftirfarandi fram

- Að lokið verði við gerð deiliskipulags yfir Dyrhóley.
- Þau varpsvæði í Dyrhólaey, sem menn vilja beina umferð frá, verði skýrt afmörkuð.
- Komið verði upp stórum og læsilegum skiltum á íslensku og ensku er útlisti umgengnisreglur.
- Vegurinn verði færður frá tjörninni á Lágey og þar með beint frá viðkvæmu varpsvæði.
- Stígar verði lagðir á helstu útsýnis- og skoðunarstaði og afmarkaðir með köðlum.
- Eftirlitsmaður verði ráðinn á varptíma 1. maí – 15. júlí.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki að ný efnisatriði hafi komið fram í gögnum málsins, sjá m.a. minnisblöð Verkís frá 9. júní 2009 og 29. apríl 2010, sem gefi ástæðu til að breyta ofangreindu álitum. Náttúrufræðistofnun er að mestu sammála þeim athugasemdum sem koma fram hjá Verkís og en vill benda á að stofnunin telur ekki eðlilegt að leitað sé til verkfræðistofna um álit er varða friðlýst svæði og snúa að stjórn þeirra m.t.t. til vernd náttúruverðmæta enda er það eitt af hlutverkum Náttúrufræðistofnunar Íslands að veita hlutlausu ráðgjöf um málefni er snúa að verndargildi og er vísað í bæði lög um náttúruvernd og lög nr. 60/1992 í þessu sambandi. Náttúrufræðistofnun er ekki að setja út á að verkfræðistofur vinni ákveðin verk innan ákveðins ramma en mun taka stjórnáráðgjöf hlið þessa máls upp á öðrum vettvangi.

Náttúrufræðistofnun leggur ríka áherslu á að ef það á að leysa þetta mál er varðar vernd og opnunartíma í Dyrhólaey þá verði að vakta fuglalíf og áhrif opunar á kerfisbundin hátt í



einhvern árafjölda og finna viðmiðunarsvæði sbr. t.d álit Arnórs Þóris Sigfússonar hjá Verkís. Skyndikannanir og skoðunarferðir eru á engan hátt til þess fallnar að gefa tæmandi upplýsingar um ástand lífríkis yfir langan tíma en lýsa aðeins ástandi á tilteknum tíma.

Náttúrufræðistofnun telur eftir margra ára þrætur um Dyrhólaey að það sé kominn tími til að taka ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna og telur ekkert því til fyrirstöðu að rýmka opnunartíma í eyna, upp í Háey, en þó aðeins að önnur skilyrði séu uppfyllt s.s. þau sem nefnd eru hér að framan um eftirlit, stjórnun umferðar og vöktun. Að öðrum kosti sé lokað frá 1. maí til 25. júní. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru nægjanleg gögn í málinu til að taka rökstudda ákvörðun en svo virðist sem að framkvæmdahlið málsins er varðar framangreind skilyrði hafi ekki náð fram að ganga.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf til umhverfisráðuneytisins 29. júní 2004.

